



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

613. stjórnarfundur þriðjudaginn 12. desember 2023 kl. 16:40

Mættir: Einar Haraldsson, Garðar Már Newman, Birgir Már Bragason, Eva Björk Sveinsdóttir, Sveinbjörg Sigurðardóttir, Jónína Steinunn Helgadóttir, Björg Hafsteinsdóttir. Fjarverandi: Garðar Örn Arnarson.

1. Fundargerð síðasta fundar

Liggur frammi.

2. Innkomin bréf

Upplýsingar frá knattspyrnudeild vegna ástands Nettóhallar og umgengni um höllina. Erindi frá Bryndísi Jónu varðandi aðgang að lyftingarsal.

Tölvupóstur frá Hafþóri Barða Birgissyni. Bókun bæjarráðs varðandi leikkluður og auglýsingaskjábörð, erindið var samþykkt.

Erindi frá UMFÍ. Óskað var eftir tilnefningum frá sambandsaðilum UMFÍ í Ungmennaráð UMFÍ fyrir starfstímabilið 2023 – 2025.

Uppgjör á sölu á K-peysum frá Krakka Krútt. Seldar hafa verið 13 K-peysur.

3. Send bréf

Bréf sent á deildir varðandi skil á íþróttakarli og konu deilda Keflavíkur.

Ýmsir Tölvupóstar sendir á deildir félagsins.

4. Jólablaðið

Búið er að dreifa jólablaði. Fjórhí flokkur karla í knattspyrnu sá um dreifingu á blaðinu.

Blaðið er glæsilegt að vanda og verður líka sett á heimasíðu félagsins.

5. Íþróttakona og karl Keflavíkur og RNB

Skipuð var nefnd sem átti að útfæra breytingar á fyrirkomulagi. Nefndin hefur fundað og farið yfir skipulag. Hugmyndin er að Keflavík, Njarðvík ásamt ÍRB haldi hátíð í Hljómahöll í janúar. Nefndin hittist aftur í næstu viku.

6. Aðalfundir deilda

Formaður fór yfir drög að aðalfundartímum deilda sem eru fyrirhugaðir í janúar.

7. Preksalur

Preksalur fer í notkun eftir áramót. Það er verið að leggja gólfíð og græja lýsingu ásamt því að klára frágang. Græja þarf stundatöflu fyrir salinn. Framkvæmdastjóri fer í þau mál ásamt íþróttastjóra.

8. Önnur mál

A. Glerveggur er kominn í pöntun og kemur á næstu dögum.

B. Hljóðkerfi í sal-2. Rofi í vegg var ónýtur en það er búið að laga hann.

C. Íþróttastjóri Keflavíkur mætti á fundinn og fór yfir Sportabler.

Fundi lokið kl. 18:10

Formaður boðar næsta fund.

Fundinn ritaði Eva Björk



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag, fyrirmyndarfélag ÍSÍ



FYRIRMYNDARFÉLAG ÍSÍ